

Reykjavíkurborg
annars vegar
og
Félag íslenskra náttúrufræðinga
hins vegar

gera með sér svofellt

samkomulag

um breytingu og framlengingu á kjarasamningi aðila

1. grein

Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. nóvember 2008 til 31. ágúst 2009 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. grein

Laun

Núgildandi launatafla kjarasamningsins samkvæmt grein 1.1.1 hækkar sem hér segir:
Frá 1. nóvember 2008 hækka allar tölur mánaðarlauna dagvinnu um kr. 20.300,-

3. grein

Desemberuppbót

Persónuuppbót á árinu 2008 verður kr. 50.000,-

4. grein

Orlofsuppbót

Orlofsuppbót á árinu 2009 verður kr. 25.200,-

PA

SD

5. grein

Veikindi barna

Grein 11.9.1 um veikindi barna yngri en 13 ára verður sem hér segir:

Annað foreldri/forsjármaður á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (96 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum fjarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni vaktskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns skv. öðrum greinum.

6. grein

Gr. 1.3.3 um áhrif viðbótarmenntunar breytist og verði þannig.

BS próf 120 Honours	1 lfl
MS próf	2 lfl
Doktorspróf	3 lfl
Önnur menntun a.m.k. 15 ein nám	1 lfl

Ávinnsloflokkar vegna viðbótarmenntunar geta mest orðið fimm.


Hækkun vegna viðbótarmenntunar tekur gildi næstu mánaðarmót eftir að starfsmaður hefur lagt fram formleg prófskírteini. Önnur menntun sem metin er til launa skal að jafnaði vera hjá viðkurkenndum aðilum á háskólastigi og skal nýtast í starfi að mati yfirmanns viðkomandi starfsmanns og samstarfsnefndar.

7. grein

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp á lögformlegan hátt. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir 13. desember 2008 skoðast hann samþykktur.


Reykjavík, 30. nóvember 2008

f.h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykki borgarráðs



Handwritten signature of the Mayor of Reykjavik, with the name 'Borgarráðið' written below it.

f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga
með fyrirvara um samþykki félagsmanna



Handwritten signature of the Icelandic Society of Naturalists, with the name 'Ínu Brjá Hjalmarsson' written below it.

Bókanir
með samkomulagi
Reykjavíkurborgar
og
Félags íslenskra náttúrufræðinga
undirrituðu 30. nóvember 2008

Bókun 1
Endurhæfingarsjóður

Samningsaðilar á almenna vinnumarkaðinum gerðu samkomulag í febrúar s.l. um að hefja á árinu 2008 þróun nýs fyrirkomulags á endurhæfingu með því að stofna Endurhæfingarsjóð. Hann á að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist.

Reykjavíkurborg hefur ekki haft aðkomu að þessum viðræðum en mun leita eftir viðræðum við hlutaðeigandi aðila um aðild að sjóðnum.

Frá og með 1. nóvember 2008 mun Reykjavíkurborg greiða 0.13% af heildarlaunum inn á sérstakan biðreikning í vörslu Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg mun hefja greiðslur í sjóðinn þegar formleg aðild borgarinnar hefur verið staðfest.

Eftirtaldar bókanir úr fyrri samningi falla niður:

Bókun 2 um endurskoðun kjarasamningstexta

Bókun 3 um námskeið fyrir trúnaðarmenn

DA

ED

Yfirlýsing

Þann 27. nóvember 2008 áttu fulltrúar stærstu aðila á íslenskum vinnumarkaði sameiginlegan fund til að kanna möguleika á því að ná víðtækri sátt um launa- og kjarastefnu til ársins 2010 vegna þeirra kjarasamninga sem eru til endurskoðunar eigi síðar en 15. febrúar 2009 og þeirra kjarasamninga sem renna út 2009. Aðilar þessarar yfirlýsingar eða fulltrúar þeirra áttu aðild að fundinum og er fullur vilji aðila þessarar yfirlýsingar að beita sér fyrir og taka þátt í slíkri sátt.

Náist sátt um sameiginlega niðurstöðu á almennum og opinberum vinnumarkaði, með þátttöku þeirra sem að þessari yfirlýsingu standa, þá mun sú niðurstaða gilda frá þeim tíma og með þeim breytingum sem niðurstaðan felur í sér.

Þeir sem standa að þessari yfirlýsingu munu leggja sitt af mörkum til að víðtækri sátt um launa- og kjarastefnu til ársins 2010 verði náð.

Reykjavík 30.11.2008

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

FÉLAG ÍSLENSKRA NÁTTÚRUFRAEÐINGA					
Gildir frá 1. nóvember 2008					
þrep	1	2	3	4	5
Lfl.	< 30 ára	30 ára	35 ára	40 ára	45 ára
301	245.243	248.618	252.042	255.518	259.046
302	251.992	255.467	258.995	262.575	266.210
303	258.943	262.523	266.157	269.844	273.588
304	266.102	269.788	273.531	277.330	281.186
305	273.476	277.274	281.128	285.040	289.011
306	281.071	284.983	288.953	292.983	297.073
307	288.895	292.923	297.012	301.164	305.376
308	296.952	301.103	305.314	309.590	313.929
309	305.252	309.526	313.864	318.267	322.736
310	313.801	318.203	322.671	327.206	331.810
311	322.606	327.140	331.743	336.415	341.156
312	331.675	336.346	341.086	345.898	350.781
313	341.016	345.826	350.709	355.665	360.696
314	350.638	355.593	360.622	365.726	370.908
315	360.548	365.651	370.831	376.089	381.427
316	370.755	376.012	381.348	386.765	392.262
317	381.269	386.684	392.180	397.759	403.420
318	392.098	397.675	403.336	409.082	414.913
319	403.251	408.995	414.826	420.744	426.750
320	414.740	420.657	426.663	432.758	438.944
321	426.574	432.668	438.853	445.132	451.505
322	438.762	445.038	451.409	457.876	464.440
323	451.316	457.781	464.344	471.004	477.766
324	464.247	470.906	477.665	484.525	491.489
325	477.565	484.424	491.386	498.452	505.624
326	491.282	498.346	505.518	512.796	520.184
327	505.412	512.689	520.074	527.570	535.179
328	519.965	527.461	535.068	542.790	550.627
329	534.955	542.674	550.510	558.464	566.537
330	550.394	558.345	566.416	574.608	582.922
331	566.297	574.487	582.800	591.238	599.802
332	582.676	591.112	599.674	608.365	617.185